



Fundargerð

1. stjórnarfundur Markaðsstofu Suðurlands kl. 10:00 fimmtudaginn 4. september 2025, sem er fjarfundur að þessu sinni.

Mættir:

Ragnhildur Sveinbjarnardóttir, framkvæmdastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Árdís Erna Halldórsdóttir, verkefnastjóri Markaðsstofu Suðurlands
Anton Kári Halldórsson, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Guðmundur Fannar Vigfússon, Ferðamálasamtök Suðurlands
Sveinn Hreiðar Jensson, Ferðamálasamtök Suðurlands
Ágúst Elvarsson, Ferðamálafélag Austur-Skaftafellssýslu
Brynhildur Jónsdóttir, Samtök sunnlenskra sveitarfélaga
Aníta Jónsdóttir, Visit South Iceland ehf.

Fundargerðin var færð í tölvu og hana ritaði Árdís Erna Halldórsdóttir.

Dagskrá fundar:

- Stjórn skiptir með sér verkum
- Verkefni sumarsins
- Verkefni haustsins
- Sýningar og vinnustofur
- Önnur mál

Stjórn skiptir með sér verkum

Nú er fyrsti fundur stjórnar að loknum aðalfundi þann 16. maí sl. Aðalstjórn var endurkjörin en sú breyting varð á varastjórn að þær Íris Heiður Jóhannsdóttir og Katrín Björk Eyjólfsdóttir létu af störfum og í stað þeirra komu Birna Þrúður Sigurbjörnsdóttir og Jelena Ohm.

Guðmundur Fannar formaður fyrri stjórnar biður um orðið. Hann upplýsir fundarmenn um að hann hætti brátt störfum hjá Fontana og er því eins og staðan er í dag óvíst með áframhaldandi störf hans innan stjórnar Markaðsstofu Suðurlands. Samkvæmt samþykktum félagsins ber stjórnarmönnum að starfa í stjórnendastöðu innan einhvers aðildarfélags Markaðsstofu Suðurlands. Ákveðið að hann sitji áfram í stjórn á meðan hann uppfyllir öll skilyrði þar um.

Stjórn ákveður að Guðmundur Fannar Vigfússon verði formaður stjórnar og Sveinn Hreiðar Jensson varaformaður.

Verkefni sumarsins

Starfsemi Markaðsstofunnar slær aðeins annan takt yfir sumartímann og fer þá meiri tími í að svara fyrirspurnum frá ferðamönnum, jafnt innlendum sem erlendum, sem berast í gegnum vef, netfang og síma um hin ýmsu mál varðandi Suðurlandið. Einnig er verið að undirbúa haustið og veturinn á ýmsan hátt

Öryggismál

Forstöðumenn Markaðsstofa landshlutanna funda reglulega með sérfræðingi Ferðamálastofu á sviði öryggismála. Hann stýrir vinnuhóp um aukið öryggi ferðamanna í tengslum við aðgerðaáætlun stjórnvalda í ferðapjónustu. Fundað var í upphafi og svo aftur í lok sumars. Þá sat framkvæmdastjóri fund með hagaðilum vegna tíðra slysa við Brúarfoss. Í framhaldi tók Markaðsstofan að sér gerð fræðslu- og öryggisskiltis við Brúarfoss. Vala sá um öflun heimilda, skrif og grunnhönnun.

- Tókum saman lista yfir vafamál og vangaveltur um öryggismál á áfangastöðum. Hugsaður til að hefja samtal við Ferðamálastofu og jafnvel hvetja til vinnustofu/þings um öryggismál.

Áhrifavaldar

Markaðsstofan fékk áhrifavalda í heimsókn fyrri- og seinni hluta sumars og sáu Árdís og Hrafnhildur um skipulag ferða þeirra. Ein þeirra heldur úti miðlinum „Voyage Provocateur“ og var ferðinni gerð góð skil. Í heimsókninni var lögð áhersla á *mat og menningu* í takt við áhersluverkefni SASS og mun Markaðsstofan fá aðgang að öllu myndefni úr ferðinni til að vinna áfram með. Ferðin var unnin í samstarfi við Íslandsstofu, Austurbrú og fyrirtæki á svæðinu. Önnur heimsókn var frá miðlinum „Passport Playdate“ þar sem voru mæðgur á ferð þar sem áherslan var á fjölskylduvæna afþreyingu. Þar var aðstoðað með ferðaskipulag, gistingu og afþreyingu. Ferðin unnin í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu.

Samfélagsmiðlar og vefmál

Vinna við samfélagsmiðlana er í fullum gangi allt árið um kring og helsta áherslan á Visit South Iceland, Upplifðu Suðurland og Markaðsstofa Suðurlands á Instagram og Facebook. Þetta felur í sér skipulag, reglulegar uppfærslur og miðlun upplýsinga, búa til efni (myndir, myndbönd og texta) auk þess að fylgjast með miðlunum og deila áhugaverðu efni um Suðurland frá ýmsum öðrum notendum og samstarfsaðilum.

Einnig var unnið að upplýsingaöflun og skrifum á ferðabloggum fyrir vefinn og pósta fyrir samfélagsmiðla tengt efninu. Meðal blogga var ferðatillaga fyrir Eldfjallaleið, samantekt á útivistarperlum og svo grein um Þjórsárdal.

Þá var einnig unnið í uppfærslu á efni á innri vef MSS, sérstaklega það sem snýr að samstarfsaðilum og fleiri upplýsingum.

Í vor var farið af stað að þróa spjallmennið Sunnu með fyrirtækinu menni.ai. Í júní fór spjallmennið formlega í loftið á síðunni og hefur sumarið farið í að fylgjast með fyrirspurnum sem koma þar í gegn

og hvernig svörin koma út. Eins og gengur í þróunarvinnu sem þessari þá þarf alltaf að gera einhverjar aðlaganir og breytingar á svörum en heilt yfir gengið mjög vel. Um 500 samtöl komu í gegnum spjallmennnið í sumar og að meðaltali var fólk að spyrja um 2 spurningar. Flestar spurningar tengjast áfangastaðum, afþreyingu og gistingu og flestar fyrirspurnir koma á ensku og svo íslensku.

Þá fengum við kynningu í byrjun september á breytingum og uppfærslum á myndakerfinu Brandcenter sem við notum til að halda utan um allt myndefni Markaðsstofunnar.

Áfangastaðaáætlun og tengd verkefni

Hluti af árlegri vinnu við áfangastaðaáætlun er að vera í samskiptum við sveitarfélögin í samstarfinu og fá upplýsingar um hvaða áfangastaði þau vilja hafa í áherslulista, þá um þá staði sem þau vilja leggja áherslu á að byggja upp og efla. Vinna hefur verið í gangi við að koma efni áfangastaðaáætlunar á vefform þannig að í stað skýrslu verði áætlunin sett fram sem vefur. Stefnt er að setja áætlunina í loftið fyrir 15. október nk. Með þessu formi eru betri lausnir á framsetningu á ýmissi tölfraði um svæðið sem auðveldara er að uppfæra jafnóðum og gögn verða til. Einnig verður efnið leitanlegra á vefnum og vonandi auðveldara aðgengi fyrir notendur. Þessu tengt er hafið samtal við Markaðsstofu Norðurlands um sérkeyrslu gagna frá Hagstofu Íslands um gistinætur og fleira sem getur gefið gleggri mynd af þróun ferðapjónustu í landshlutanum.

Í kjölfar útgáfu MSS á *Handbók um uppbyggingu áfangastaða* í vetur hefur verið talsvert um kynningar á efninu til hagaðila, m.s. kynnt fyrir Rangárþingi eystra og í framhaldi var haldinn fundur um uppbyggingu áfangastaða í sveitarfélaginu með oddvita, skipulags- og byggingarfulltrúa, umhverfisstjóra, markaðs- og kynningarfulltrúa, byggðapróunarfulltrúa ásamt starfsmanni Kötlu jarðvangs.

Þá skrifaði verkefnastjóri áfangastaðaáætlunar grein um virði áfangastaða sem birtist í Dagskránni, dfs.is og south.is.

Samstarf við SASS

Framkvæmdastjóri fundaði með nýjum framkvæmdastjóra SASS í lok ágúst þar sem farið var yfir mögulega samstarfsfleti sem framkvæmdastjóri MSS lagði fram tillögur að. Klár vilji er til samstarfs og mun verða skoðað í framhaldi með stjórnnum með hvaða hætti það verður.

Ýmsir aðrir fundir og viðburðir sóttir

- Fundur með Ferðamálastofu um framkvæmdasjóð ferðamannastaða í maí.
- Fundað með MAS og starfshóp um bætt öryggi ferðamanna í maí og ágúst.
- The Nordic Tourism Conference 2025 í Stokkhólmi í júní.
- Fundur um Cruise við Ísland og heimsókn í Norwegian Prima í júní.
- Fundur Samtaka atvinnulífsins í Þorlákshöfn í júní.
- Fundur um nýja atvinnustefnu Sveitarfélagsins Árborgar, Flóahrepps og Hveragerðisbæjar í júní.
- Samtalsfundir fyrir stjórnarfundum Vatnajökulspjóðgarðs í júlí og ágúst.
- Vorfundur Ferðamálastofu og Markaðsstofu Suðurlands í júlí.
- Opinn fundur með innviðaráðherra á Selfossi í ágúst.
- Al fræðsla með MAS í ágúst

Verkefni haustsins

Auk hefðbundinna daglegra starfa markaðsstofunnar þá er ýmislegt framundan og haustið jafnan mjög annasamur tími þegar kemur að fundum, ráðstefnum, sýningum og ýmsu markaðsstarfi og samskiptum.

Blaðamannaferð og áhrifavaldar

Unnið hefur verið að nokkrum blaðamannaferðum sem eru á dagskrá nú strax á haustdögum. Má þar nefna stóra franska blaðamannaferð dagana 4.-8. október þar sem fjórir blaðamenn ásamt PR fulltrúa frá Frakklandi, fulltrúa Íslandsstofu og Markaðsstofu Suðurlands munu fara vítt og breytt um svæðið í fjóra daga og einnig þýskan blaðamann sem mun fókusera á Eldfjallaleiðina og verður á svæðinu ásamt ljósmyndara um miðjan október. Hann starfar fyrir Deutche Presse-Agentur og mun efnið frá honum því dreifast á nær alla miðla í Þýskalandi.

Suðurlandið helst áfram vinsælt fyrir þátta- og kvikmyndatökur og munu í næstu viku fara fram tölur á bandarísku sjónvarpsþáttunum ViewFinders sem sýndir eru á PBS. Er hér um fjórðu seríu þáttanna að ræða þar sem farið er með virtum ljósmyndurum um ákveðin svæði í leit að „breathtaking scenery“ og rætt er við sérfræðinga um umhverfismál og náttúruvernd. Markmiðið með þáttunum er að fræða og hvetja áhorfendur til að fara út í náttúruna og tengjast henni betur. Hafa þættirnir notið mikilla vinsælda og meðal annars verið tilnefndir til Emmy verðlauna.

Þá er á dagskrá móttaka á áhrifavaldi í byrjun desember í samstarfi við Visit Reykjavík, skipulag enn stutt á veg komið. Áhersla verður lögð á vetrardýrð og jólalegt efni, sbr. jólamarkaði sem og mat og menningu tengd þessari árstíð.

Innra starf

Stefnt er á að halda áfram endurbótum á innri vef MSS og vinna áfram að efni í starfsmannahandbók.

Í haust munu starfsmenn MSS gera smá átak í að kynna starfsemina til nýrra mögulegra samstarfsaðila.

Sýningar og vinnustofur

Vestnorden

Ferðasýningin verður haldin á Akureyri 30.sept-1.okt nk. Starfsfólk MSS ásamt tveimur fulltrúum faghóps sveitarfélaganna munu manna básinn í ár. Sýningin verður með hefðbundnu sniði og mun MSS óska eftir upplýsingum frá samstarfsaðilum m.a. um nýjungar og fyrirhugaða uppbyggingu eða viðbætur fyrir sýningu til að deila með fundargestum sem starfsfólk hittir.

World Travel Market

Framkvæmdastjóri mun sækja WTM í London 4.-6. nóvember nk. með Íslandsstofu, öðrum markaðsstofum og fyrirtækjum frá Íslandi.

Vinnustofur og sýningar 2026

Framkvæmdastjóri fer yfir fyrstu drög að plani fyrir vinnustofur og sýningar á vegum Íslandsstofu árið 2026 og rætt hvað sé æskilegast að leggja áherslu á fyrir Suðurland. Árdís og Hrafnhildur, verkefnastjórar markaðsmála, sóttu rýnifund Íslandsstofu í síðustu viku þar sem dagskráin var kynnt, umræða um fyrirkomulag vinnustofa og sýninga og farið yfir ýmsar

gagnlegar upplýsingar varðandi ólíka markaði. Framkvæmdastjóri kynnti drög að skipulagi á vinnustofum og sýningum fyrir 2026 og hugmyndir sýnar að hvað væri hentugt fyrir MSS að sækja.

Umræða skapaðist um hvaða sýningar væru ákjósanlegastar að sækja og að mögulega væri nóg að sækja þessar stærri annaðhvert ár.

Sú hugmynd kom upp að myndi borga sig að sækja á fjarlægari markaði núna á meðan Bandaríkin eru óstöðugri markaður. Engin ákvörðun var tekin um framhaldið en skoðað betur. Framkvæmdastjóri mun senda endanlegt plan frá Íslandsstofu um vinnustofur og sýningar 2026 þegar það berst.

Mannamót

Undirbúningur er hafinn fyrir Mannamót Markaðsstofa landshlutanna, sem haldin verða 15. janúar 2026, en fer í gang af fullum krafti í september.

Ýmsir fundir og viðburðir sem komnir eru á dagskrá haustsins

- Samstarfsfundur með Hæfnisetri ferðapjónustunnar
- Samtarf MAS og Íslandsstofu
- Faghópsfundur sveitarfélaganna
- Ferðamálalöng höfuðborgarsvæðisins
- Fundur MAS og Cruise Iceland
- Samstarfsfundur MAS á Vestfjörðum

Önnur mál

- Hrafnhildur Árnadóttir, nýr starfsmaður MSS, hóf störf í 50% stöðugildi í maí og svo í fullu starfi eftir 1. júní.
- Umræða var um bílastæðagjöld og eru umtalsverðar upphæðir sem koma inn þar í gegn. Ítrekað mikilvægi þess að fjármagnið skili sér til baka í uppbyggingu innviða.
- Umræða einnig tekin um orðræðu um ferðapjónustuna og mikilvægi þess að halda jákvæðu þáttum atvinnugreinarinnar á lofti. Þá er jafnframt mikilvægt að vinna að viðmiðum þegar kemur að öryggismálum, gjaldtöku og ábyrgð, mikilvægt að horfa til alþjóðlegra viðmiða.
- Í hnotskurn – Ríkið þarf að vera með skýrt regluverk varðandi öryggismál og ábyrgð þegar kemur að ferðamannastöðum, sér í lagi þar sem innheimt eru bílastæða- eða innviðagjöld.

Fundi slitið kl. 11:55